

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 142/17*  
*komudagur 18.6.2013*



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. júní 2013

**Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum (tekjuöflunaraðgerðir, kjarasamningar, verðlagsbreytingar o.fl.) nr. 146/2012, 1. mál.**

Með frumvarpinu er lagt til að hækkun virðisaukaskatts á gistipjónustu úr 7% í 14% frá og með 1. september 2013 öðlist ekki gildi.

Í umsögn um frumvarpið sem varð að lögum 16/2012 lýstu SA lýstu andstöðu við fjölgun þrepa í virðisaukaskatti. SA fagna því framkomnu frumvarpi og hvetja til þess að það verði að lögum.

SA telja jafnframt tímabært að fram fari heildarendurskoðun á virðisaukaskattkerfinu með einföldun þess að markmiði. Mesta einföldunin felst í einu, hóflegu skattþrepi sem bæði lágmarkar kostnað ríkissjóðs og fyrirtækja og stuðlar að minni undanskotum.

Í umsögninni lögðu SA til að lægra þrepið yrði hækkað í áföngum næstu árin, t.d. um 2% árlega sem yrði nýtt til að fjármagna lækkun úreltra vörugjalda og lækka hærra þrepið.

Virðisaukaskattur er langmikilvægasti tekjustofn ríkissjóðs og skilar 30% af heildarskatttekjum. Skatturinn hefur minni skaðleg áhrif en flestir aðrir skattar þar sem hann hefur lítil áhrif á fjárfestingar og vinnuframboð og þar með verðmætasköpun og lífskjör. Mikilvægt er fyrir ríkissjóð að rækta skattstofninn, hafa hann sem breiðastan, hlutfallið sem lægst og stuðla að stækkun hans með meiri umsvifum. Virðisaukaskattur og breytingar á honum henta hins vegar afar illa til jöfnunar lífskjara.

Rannsóknir Hagstofu Íslands á útgjöldum heimilanna sýna að fyrirkomulag með matvörum og fleiri vörum í lægra skattþrepi hafa óveruleg áhrif til tekjujöfnunar. Þótt lágtekjuheimili verji heldur hærra hlutfalli tekna sinna til kaupa á mat- og drykkjarvörum en hátekjuheimili, þá rennur stærri hluti þeirrar fjárhæðar sem felst í mismun almenna og lægra þrepsins til hátekjuheimila.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

*Hannes G. Sigurðsson*